

Nd.

154. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum 15. október 1875 um laun íslenskra embættismanna.

(Álit minni hlutans).

Jafnvel þótt álit meiri hluta nefndarinnar hafi við nokkur rök að styðjast, get jeg þó ekki verið honum í öllu sammála, og verð því, með sem fæstum orðum, að gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli. Mjer virðist, að kröfur þær, sem fram hafa komið, frá ýmsum embættismönnum, um launahækkun, sjeu þannig lagaðar, að tæplega geti ein regla átt við þær allar. Það eru þó sjerstaklega kvartanir kennaranna við hinn almenna mentaskóla, sem mjer virðast ekki ástæðulausar, og tel því rjett, að launakjörum þeirra verði breytt á þann hátt, sem farið er fram á í frumvarpi stjórnarinnar.

Eins og kunnugt er, sendu áðurnefndir kennarar beiðni um launahækkun til alþingis árið 1909. Beiðni þessi kom fyrir fjárlaganefnd neðri deildar, og farast henni orð á þá leið, að hún viðurkenni, að nú sjeu laun þeirra orðin stórum

ódrýgri þeim til framfæris og þeirra skylduliði, en fyrstu árin, er þeir áttu við þau að búa. Það er svo að sjá, sem nefndiuni hafi þótt mikil ástæða til, að laun þessara kennara yrðu hækkuð sem fyrst, en ástæðan fyrir því, að það komst ekki til framkvæmda þá, mun hafa verið sú, að nefndin leit svo á, að rjettara væri að málaleitun um hækkun á launum embættismanna kæmi frá landsstjórninni til alþingis, en ekki frá embættismönnum sjálfum.

Með þessu virðist landsstjórninni hafa verið gefin bending um að undirbúa málið og leggja það fyrir þingið, svo þessi breyting gæti sem fyrst komist á. Þetta var því sjálfsgæðara, sem varla er gerandi ráð fyrir, að launalöggjöfin í heild sinni verði tekin til endurskoðunar að svo stöddu, því eins og kunnugt er, hafa nú síðustu árin laun margra embættismanna og annara starfsmanna landsins tekið miklum breytingum fyrir aðgerðir löggjafarvaldsins. Hafa þá verið teknir einstakir flokkar embættismanna, hver út af fyrir sig, svo sem læknar, prestar, háskólakennarar o. fl. Það eru að eins fáir embættismenn, aðrir en kennarar við mentaskólan, sem hafa átt við sömu launakjör að búa nú yfir 20 ár. Á þessu tímabili hafa launakjör margra embættismanna breytst til batnaðar.

Samkvæmt undanfarinni venju getur það því varla talist óviðeigandi, þótt launum kennaranna við mentaskólan, einum út af fyrir sig, væri breytt.

Þegar litið er á stefnu launalöggjafarinnar að undanfögnu, þá kemur það fram, að launin eru yfirleitt hækkuð, einkum lægri launin, og nú síðast í lögum um laun presta og háskólakennara eru þau látin fara hækkandi eftir embættisaldri, sem flestir munu álíta eðlilegt. Launahækkunin virðist ekki ástæðulaus, þegar launin hafa verið fremur lágt sett í fyrstu, eins og hjer á sjer stað, enda vitanlegt, að ráðdeildarmenn, er búa við lægri launin eiga í vök að verjast með að framfleyta sjer og fjölskyldu sinni á þeim.

Af skýrslum, sem samdar hafa verið fyrir tilhlutun landsstjórnarinnar, kemur það í ljós, að nú sje c. 50% dýrara að lifa í Reykjavík, en verið hafi árið 1875, þegar launalögin komu í gildi, og 35—40% dýrara en árið 1889 þegar þeim var breytt, og hefir þó vöruverð og jafnvel kaupgjald hækkað til muna síðan þessi skýrsla var samín.

Mjer vitanlega hafa ekki verið bornar brigður á, að skýrslur þessar væru svo nákvæmar, sem frekast var kostur á, enda eru þeir, sem að þeim hafa unnið, manna fróðastir um þesskonar hluti. Þegar litið er á vinnulaun, yfirleitt, má segja, að þau hafi hækkað hjá flestum jafnframt því, sem dýrara hefir orðið að lifa. Kaup daglaunamanna og vinnufólks hefir hækkað til muna. Margir atvinnurekendur og starfsmenn við atvinnufyrirtæki hafa að mun hærri tekjur, en þeir kennarar, sem hjer er um að ræða, og því ekki ólíklegt, að þeir fari að leitast fyrir um aðra stöðu, ef engin breyting verður gerð á launakjörum þeirra, en að margra áliti mundi heppilegast, að skólinn gæti notið starfskrafta þeirra sem lengst.

Vegna þess, að jeg hefi haft mjög nauman tíma til, að kynna mjer álit meirihluta nefndarinnar, má vel vera að margt fleira hefði þurft að taka hjer fram, því viðvikjandi, en úr því kynni að mega bæta, að einhverju, leyti við umræðurnar.

Með tilliti til þess, sem hjer að framan er sagt, leyfi jeg mjer að koma fram með eftirfylgjandi breytingartillögur við frumvarpið:

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 4 fyrstu greinarnar falli burt.
2. 5. gr. verði 1. gr. o. s. frv.
3. Við 6. gr. Fyrir »þeir embættismenn«, í upphafi greinarinnar komi: þeir kennarar mentaskólans.
Síðari málsgreininn falli burt.
4. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
Þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi, eru feld úr gildi.

Alþingi, 23. júlí 1913.

M. J. Kristjánsson.